

# Greinargerð

## Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Akurey.

19. desember 2019

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Akurey voru lögð fram til kynningar í október 2019 og umsagnar- og samráðsaðilum og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 27. nóvember 2019. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Svör bárust frá fimm aðilum en ábendingar frá þremur þeirra.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við ábendingum sem bárust og þeim breytingum sem gerðar voru á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Akurey í kjölfar kynningarferlisins.

### *Menningarminjar*

Nokkrar ábendingar bárust varðandi umfjöllun um menningarminjar, m.a. um umsjónar- og eftirlitshlutverk Minjastofnunar Íslands og mikilvægi þess að fornleifaskráning yrði unnin í eynni. Einnig var óskað eftir því að stofnunin væri undanþegin því ákvæði að sækja þurfi um leyfi til að fara út í Akurey og vegna notkunar dróna þar sem lögbundið hlutverk hennar væri að hafa eftirlit með fornleifum.

### *Viðbrögð:*

Í stjórnunar- og verndaráætluninni áréttar Umhverfisstofnun hlutverk Minjastofnunar Íslands þar sem við á. Stofnunin fellst á að Minjastofnun Íslands þurfi ekki að sækja um leyfi vegna lögbundins eftirlits og myndatöku í eða við Akurey en hins vegar ber að tilkynna það til Reykjavíkurborgar. Umhverfisstofnun mun setja leiðbeiningar, m.a. um varptíma, á vefsvæði Akureyjar á vef Umhverfisstofnunar. Ítreka skal að fara ber eftir friðlýsingarskilmálum friðlandsins.

### *Aðgerðir og umsjón*

Fyrirspurnir bárust frá þeim leigutaka sem hefur nýtt æðardún Akureyjar. Óskaði hann nánari útskýringa á landvörslu í eynni og umsjón. Einnig benti hann á mikilvægi þess að uppræta hvönn og stemma stigu við fjölgun máfa í eynni og spurðist fyrir um hugmyndir um strandhreinsun.

### *Viðbrögð:*

Ekki er gert ráð fyrir að hlutverk leigutaka breytist þó landvarsla á vegum Umhverfisstofnunar verði tekin upp í Akurey. Umhverfisstofnun er meðvituð um mikilvægi þess að hefta útbreiðslu hvannar og uppræta hana, eftir því sem við verður komið, og einnig um að máfar geti hugsanlega ógnað afkomu annarra fuglategunda. Skotveiðar í friðlandinu eru hins vegar bannaðar skv. friðlýsingarskilmálum. Í áætluninni er lagt til að farið verði í að hreinsa strönd Akureyjar og fjarlægja rusl. Í aðgerðaáætlun er

lagt til að Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg geri áætlun um hvernig best verði að hreinsuninni staðið.

Aðrar ábendingar voru minni háttar og var í sumum tilfellum texta breytt eða bætt inn í setningum í samræmi við þær. Aðrar ábendingar voru útskýrðar síðar í áætluninni.